

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Pórir Dan Jónsson

ATHUGUN Á HEYDALSÁ, REYKJAFJARÐARHREPPI  
1980

Borgarnesi, mars 1983

## Athugun á Heydalsá, Reykjavíkjardarhreppi.

Inngangur.

Þann 31/7 1980 fór fram á vegum Veiðimálastofnunarinnar athugun á lífsskilyrðum fyrir lax í Heydalsá, Reykjavíkjardarhreppi, N-Ísf.

Í mörg undanfarin ár hefur verið sleppt ýmist sumaröldum seiðum og gönguseiðum í ána. Áður fyrr var kviðpokaseiðum einnig sleppt.

Í þurrkatið verður áin oft mjög vatnslítill, en hún getur þá orðið nokkuð hlý.

Lax gengur yfirleitt mjög seint í ána, oft ekki fyrr en í septembermánuði. Að sögn Runólfs Elínussonar sáust t.d. eitt haustið u.þ.b. 100 laxar í ánni en á veiðitímanum hafði lítið sem ekkert sést af laxi í ánni. Verður að kenna litlu vatni, skjólleysi neðarlega í ánni og vatnshitunum um hversu seint laxinn gengur í ána.

Reynt hefur verið að gera garða neðarlega í ánni og mynda þannig lón þar sem laxinn gæti legið í. Hefur slíkt stundum gefið árangur. Laxinn hefur þá gengið í ána mun fyrr en ella. Garðana varð þó að endurnýja árlega.

Að sögn Runólfs hrygnir meirihluti laxanna efst í ánni, en þar er áin tiltölulega róleg í flóðum.

Hér á landi er það einkum hitastig sem takmarkar útbreiðslu laxins (þar sem fiskgengt er þ.e.a.s.) en botngerð og straumlag -þættir sem eru mjög samtvinnaðir hafa hinsvegar mest áhrif á lengdardreifingu seiða á hverjum stað og þar með dánartölu seiðanna. Þar sem botn er fíngerður þrífast ekki stór seiði, og er grýttur botn forsenda þess að stór seiði geti þrífist (skjól og fæðuframboð er mest þar). Laxaseiðin helga sér stað í ánni sem þau verja gegn ásókn annarra seiða.

Rafveitt var á tveimur stöðum í ánni, ca. 1 km. fyrir ofan Heydal og 20 m. fyrir neðan brú á Þjóðvegi. Aldurssýni voru tekin af nokkrum seiðum. Einnig var botngerðin lítillega athuguð.



## Niðurstöður og ályktanir.

Í rafveiðunum fyrir neðan brú veiddist aðeins eitt stórt seiði (tveggja vetra gamalt), hin öll voru eins vetur gömul. Athyglisvert er að ekkert vorgamalt seiði veiddist.

U.þ.b. 1.km. fyrir ofan Heydal veiddust þrjú árgangar, vorgömul, eins-og tveggja vetra gömul seiði.

Lengdar-og aldursdreifing laxaseiðanna sem veiddust er sýnd á mynd 1.

Heydalsá er grýtt frá dalbotni og langleiðina að Heydal, en þar fyrir neðan rennur hún á möl. Niðurstöður rafveiðanna eru í samræmi við það, því þar sem botninn er grýttur þrífast allir árgangar, en á malarbotni er ekki skjól fyrir stærri laxaseiði (tveggja vetra og eldri).

Ennfremur styðja niðurstöður rafveiðanna það að lax hrygni mest ofantil í ánni, því þar veiddust vorgömul laxaseiði en ekki við brú.

Af niðurstöðum rafveiðanna má draga þær ályktanir að náttúrulegt klak sé nægilegt (eins og ástandið er nú). Seiðin vaxa vel og flest seiðin ná sjógöngustærð þriggja vetra gömul.



## Aðgerðir.

Þrátt fyrir að náttúrulegt klak heppnist allvel og því allnokkuð af laxaseiðum í ánni er laxveiðin í litlu samræmi við seiðafjöldann. Verður að kenna því um hve seint laxinn gengur upp í ána.

Ég tel nauðsynlegt að reyna að fá laxinn til að ganga fyrr upp í ána, og er því rétt að gera tilraun með að gera "garð" rétt fyrir ofan brú en þar ætti að geta myndast sámilegt lón. "Garðinn" verður að vera hægt að taka upp á haustin, svo áin fari ekki yfir í nýjan farveg að vetri til, þegar flóð koma í ána.

Hugsanlega má nota símastaura og bora göt í gegnum þá. Í gegnum götin eru síðan settar járnstangir sem ganga niður í klöppina sem grunnt er á þarna. Á haustin er síðan hægt að taka staurana upp á bakkann og setja trétappa í borgötin í klöppinni svo þau fyllist ekki yfir veturinn.

HEYDALSA 31/7 1980



Mynd 1. LENGDAR- OG ALDURSDREIFING LAXAEIÐA,  
 ÞANN 31/7 1980.